

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 22. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Haldinn að Þverá fimmtudaginn 6. september 2012 og hófst kl. 21:00

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Pröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 08.08.2012 frá Þóru Vigdísi Guðmundsdóttur, Suðurtúni 9, 225 Bessastaðahreppi.  
Sótt er um leyfi fyrir sumarhúsi úr timbri á steiptum súlum, gólf er timburgólf, burðargrind veggja úr timbri, klædd lóðrétttri viðarklæðningu, burðarvirki þaks er timbur, málmklætt og með 15 gráðu halla. Stærð 71,8 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Rúmmál 238 m<sup>3</sup>. Vegg hæð 2,27 m, mænishæð 3,57 m.  
Húsið verður staðsett á lóðinni Stóra-Króki 9 í landi Miðhrauns II.  
Með erindinu fylgdu byggingarnefndareikningar frá Gísla G. Gunnarssyni Teiknistofunni Kvarða.  
**Samþykkt.**
2. Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020.  
Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun dags. 30.08.2012 en í bréfinu eru gerðar fjölmargar athugasemdir við samþykkt aðalskipulag sveitarfélagsins.  
**Skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.**
3. Erindi dags. 26.07.2012 frá Skafta Gunnarssyni og Súsönnu H. Davíðsdóttur.  
Sótt er um byggingarleyfi fyrir gestahúsi að Birkilundi 30 í landi Saura. Húsið er frá fyrirtækinu Völundarhúsi. Stærð 26,2 m<sup>2</sup> / 74,1 m<sup>3</sup>. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Verkfræðistofunni Mannviti.  
**Samþykkt með fyrirvara um lagfæringu á teikningu.**
4. Bréf / umsögn dags. 16.08.2012 frá Auðunni Hálfánarsyni hjá Vegagerðinni í Borgarnesi, vegna deiliskipulagstillagna Lyngholts og Helgafells 2 úr landi Helgafells í Helgafellssveit.  
Bréfið varðar tvær spildur, annars vegar 56 ha spildu (tvær byggingarlóðir) sem bar nafnið Lyngholt, þar sem gert var ráð fyrir að heimilt sé að byggja allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús að meðtalinni bílgeymslu, einnig tvö gripahús allt að 800 m<sup>2</sup>, auk þess allt að 200 m<sup>2</sup> geymslu.  
Hinsvegar spildu sem hlotið hefur nafnið Helgafell 2, þar sem gert var ráð fyrir tveimur byggingarreitum annars vegar fyrir íbúðarhús og bílskúr (allt að 400 m<sup>2</sup>) og hinsvegar fyrir 3 gestahúsum (allt að 80 m<sup>2</sup>) auk geymslna (allt að 15 m<sup>2</sup>).  
Með erindinu fylgdu skipulagsupprættir unnir af Ólafi Guðmundssyni, Akranesi.  
**Framlagt.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

5. Erindi dags. 30.07.2012 frá Magnúsi V. Vésteinssyni, Hólum í Helgafellssveit. Skv. erindinu er óskað eftir að spildunni Hólar 5 í Helgafellssveit verði skipt upp í tvær spildur. Nöfn spildnanna eftir landskipti verði Hólar 5 og Hólar 5a. Hólar 5 verða eftir breytingu 17,3 ha, en stærð Hóla 5a verður 7,7 ha. Með erindinu fylgdi hnitsettur uppdráttur dags. júlí 2012 unninn af Ólafi K. Guðmundssyni, Akranesi.  
**Samþykkt.**
6. Staða deiliskipulagsmála í landi Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. Framlagt tölvubréf dags. 15.08.2012 frá Skipulagsstofnun. Efni bréfsins er á þá leið að vegna galla á málsmeðferð upphaflega deiliskipulagsins fyrir Innri-Kóngsbakka, teljist skipulagið sjálf og síðari breytingar sem auglýstar hafa verið í stjórnartíðindum, ekki í gildi.  
**Framlagt til kynningar.**
7. Erindi dags. 06.09.2012 frá Eddu Kristínu Einarsdóttur hjá Arkís arkitektum, f.h. Eyjólfss Árna Rafnssonar. Með erindinu er gerð fyrirspurn um afstöðu nefndarinnar til deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. Í breytingunni felst að verið er að fella niður tvær lóðir við Amtmannsstíg 4 og 6 og búa til nýja lóð við Kongungsbraut 7, sem er afmörkuð austan við lóð nr. 5. Heimilt verður að byggja þar heilsársíbúðarhús og gerður nýr aðkomuvegur og bílastæði fyrir lóðina. Lóð, byggingareitur og bílastæði að Amtmannsstíg 4 og 6 eru felld niður. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og austurs.  
**Samþykkt að auglýsa deiliskipulagið.**
8. Erindi dags. 05.09.2012 frá Hinrik Hjartarsyni, Helgafelli í Helgafellssveit. Lagðar fram endurgerðar teikningar af áður samþykktu bogahýsi/fjórhusum frá Hýsi-Merkúr á spildu sem kallast Lyngholt úr landi Helgafells. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Teikni- og verkfræðipjónustunni Cedrus.  
**Samþykkt.**
9. Önnur mál.  
**Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.**

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23:30.